

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

15. desember 2022

Tilvísun í mál nr. 202211-0029 (RTh, BK)

Vísað er til tölvubréfs frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 11. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir Hafnarnes.

Deiliskipulagið nær yfir 3.665 m² lóð í Hafnarnesi í Sveitarfélaginu Hornafirði og tekur til stækkunar á lóð og breytingar á núverandi íbúðarhúsnæði. Heimilt verður að sambyggja núverandi byggingarhluta með nýjum byggingum. Heimiluð er gistiþjónusta, þvottahús, verslun og veitingarekstur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér aðalskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Ekki er gerð grein fyrir gróðurfari svæðisins í deiliskipulagi eða þeim vistgerðum sem þar finnast. Fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir og tengd mannvirki munu aðallega vera á landbúnaðarlandi, þ.e. gömlum sláttutúnum á sjálfu nesinu. Í greinargerð sem fylgir deiliskipulaginu kemur fram að svæðið njóti ekki verndar skv. aðalskipulagi né í almennum ákvæðum náttúruverndarlaga. Rétt er þó að taka fram að skipulagssvæðið er innan svæðisins Hornafjörður-Kolgríma sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lagt til að fari á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla.

Gróðurfar neðan og í kringum Hafnarnes einkennist af því að þarna er flæðiland sem endurspeglast í þeim vistgerðum sem þar eru ríkjandi bæði í fjöru og á landi. Má þar helst nefna skeraleirur og gulstararfitjavist en báðar vistgerðirnar njóta verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr.60/2013. Sú síðarnefnda kemur ekki fram á vistgerðarkorti NÍ heldur gulstararflóavist, sem er lík vistgerð, en skv. gróðurkortlagningu sem gerð var á hluta þessa lands í tengslum við fyrirhugaða veglagningu yfir Hornafjarðarfljót eru þarna fitjar með sjávarflæðastörum sem er bein vísun í gulstararfitjavist (Regína Hreinsdóttir o.fl. 2006). Bæði gulstararfitjavist og skeraleirur eru svokallaðar forgangsvistgerðir með mjög hátt verndargildi, auk þess sem þær eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Á svæðinu er einnig fjölbreytt fuglalíf (Ásrún Elmarsdóttir o.fl. 2015).

Í greinargerðinni er réttilega bent á að með aukinni uppbyggingu fylgir gjarnan runna- og trjárækt. Náttúrufræðistofnun hvetur eindregið til þess að (erlendar) ræktaðar trjáplöntur og runnar berist ekki út í fitjarnar eða önnur náttúruleg gróðurlendi og helst ætti að setja ákvæði um að eingöngu verði notast við innlendar tegundir.

Sunnan við Hafnarnes eru þegar hafnar framkvæmdir við nýjan þjóðveg en með tilkomu hans mun verulega draga úr þeirri samfellu sem liggur í víðáttumiklum leirum, fitjum og öðru votlendi sem einkenna landslag á svæðinu. Því er afar mikilvægt að vernda vistgerðir sem og fuglalíf á svæðinu fyrir frekari áhrifum mannsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Heimildir:

Ásrún Elmarsdóttir, Rannveig Thoroddsen og Svenja N.V. Auhage 2015. Stofnæð hitaveitu frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði: úttekt á gróðurfari og fuglalífi. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-15006. Unnið fyrir RARIK. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgbór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. Framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Regína Hreinsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson 2006. Gróður og fuglalíf á rannsóknasvæði fyrirhugaðrar vega- og brúargerðar við Hornafjarðarfljót. Náttúrufræðistofnun Íslands NI-06017. Unnið fyrir Vegagerðina. Reykjavík: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Bestu kveðjur

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is

